

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rækt nemenda við móðurmál sitt. Veita má verðlaun á lokaprófi og landsprófi miðskóla, ef ástæða þykir til en fresta má veitingu ef svo ber undir.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, gjafir og önnur skyld fjárframlög. Heimilt er að verja allt að $\frac{3}{4}$ árstekna sjóðsins til verðlauna. Aldrei má skerða höfuðstól.

5. gr.

Sjóðurinn er í vörslu skólastjóra Kvennaskólans í Reykjavík og ákveður hann ásamt móðurmálskennurum skólans úthlutun úr sjóðnum.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

4. mars 1975.

Nr. 76.

S A M Þ Y K K T**um hundahald í Hellukauptúni.**

1. gr.

Hundahald í Hellukauptúni sæti þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í kaupúninu, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í kaupúninu og skal upphæð þess við það miðuð.
- Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Við árlega greiðslu leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi, í fylgd aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa kaupúnsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um kaupúnið fara, til óþæginda.
- Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirætlum, er heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðis-
eftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. mars 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Pórunn Klemenzdóttir.

Nr. 77.

7. mars 1975.

REGLUGERÐ**um ársreikninga váttryggingarfélaga.**

1. gr.

Váttryggingarfélag skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma efnahagsreikning, rekstrarreikning og ársskýrslu.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn félags og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi, skal hann undirritaður með fyrirvara og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Ársreikningur skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

2. gr.

Reikningsár váttryggingarfélags sé 12 mánuðir. Við stofnun félags eða breytingu á reikningsári, má tímabilið vera skemmra eða lengra, þó ekki lengra en 18 mánuðir.

3. gr.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða.

Ársreikningi fylgi upplýsingar um veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar. Einnig skulu fylgja honum skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, sbr. 15. gr.

4. gr.

Efnahagsreikningur váttryggingarfélags sýni eignir, skuldir og eigið fé félagsins í lok reikningsárs.

Á fylgiskjali 2 með reglugerð þessari er að finna form efnahagsreiknings, og skulu þeir liðir, sem þar koma fram vera sérgreindir og í þeirri röð, er þar greinir.

Frekari greining skal gerð, þar sem nauðsynlegt er, til að skýr mynd fái af efnahag félagsins.

Víkja má frá heitum einstakra liða, ef það leiðir óhjákvæmilega af rekstri og starfsemi viðkomandi félags og að því leytí, sem það samrýmist góðri reiknings-
skilavenju.

5. gr.

Flokkun eigna milli veltufjármuna og fastafjármuna skal almennt við það miðuð, að meðal veltufjármuna séu eignir, sem ætlunin er, eða mögulegt er, að breyta í handbært fé eða aðrar eignir innan eins árs, en meðal fastafjármuna séu eignir, sem ætlaðar eru til lengri notkunar eða eru bundnar til lengri tíma en eins árs.